

57  
23. júní

## L Ö G

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir  
Landsbanka Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

### 1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast viðbótar-  
rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands hjá erlendum banka eða bönkum, allt að  
100000 sterlingspund, eða tilsvarendi fjárhæð í annari erlendri mynt. — Lánið  
sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*